

Nefndasvið Alþingis, umhverfisnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/902
komudagur 29.1.2004

Reykjavík, 28. janúar 2004

Við er til erindis umhverfisnefndar Alþingis dags. 14. janúar 2004 þar sem óskað er eftir umsögn Skipulagsfræðingafélags Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum og frumvarp til laga um breytingu á skipulags- og byggingarlögum. Stjórn Skipulagsfræðingafélagsins hefur yfirfarið frumvörpin og bendir á eftirfarandi:


1. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum

- Í 1. og 2. mgr. gildandi laga, um markmið og gildissvið laganna, kemur fram að löggin nái til framkvæmda sem kunni að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif vegna staðsetningar framkvæmdar, starfsemi sem henni fylgir, eðlis eða umfangs. Í frumvarpinu er þessi texti felldur út og lagt til að löggin nái til framkvæmda sem falla undir löggin. *Að mati stjórnar Skipulagsfræðingafélags Íslands virðist þessi breyting ekki til bóta þar sem í frumvarpinu er ekki ljóst hvað ræður því hvaða framkvæmdir falla undir löggin (sbr. viðauka 1 og 2 með lögnum).*
- Í b-lið 1. gr. frumvarpsins segir að markmið laganna sé „að draga eins og kostur er úr umhverfisáhrifum framkvæmdar“. *Stjórn Skipulagsfræðingafélags Íslands leggur til að markmiðið verði að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum framkvæmdar.*
- Samkvæmt f-lið 9. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að framkvæmdaraðili geri grein fyrir athugasemdum og umsögnum og taki afstöðu til þeirra í matskýrslu. *Stjórn Skipulagsfræðingafélags Íslands telur að í 10. gr. frumvarpsins þar sem fjallað er um álit Skipulagsstofnunar sé ekki skýrt hvort þar er gert ráð fyrir að Skipulagsstofnun fjalli einnig um athugasemdir og umsagnir og hvernig hefur verið unnið úr þeim. Þá er ekki ljóst hvort Skipulagsstofnun geti á því stigi kallað eftir frekari gögnum eða álitni sérfræðinga, ef athugasemdir og umsagnir gefa tilefni til.*

2. Frumvarp til laga um breytingu á skipulags- og byggingarlögum

- Í frumvarpinu er lagt til að hæstiréttur tilnefni þrjá fulltrúa af fimm í úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála og skuli einn þeirra hafa lokið háskólaprófi í verkfræði, annar í lögfræði og þriðji á sviði náttúruvísinda. Í skýringum með frumvarpinu segir að þessi hæfisskilyrði séu m.a. sett með hliðsjón af breyttu hlutverki nefndarinnar vegna laga um mat á umhverfisáhrifum. *Stjórn Skipulagsfræðingafélags Íslands telur æskilegt að tryggja að í nefndinni sitji fulltrúar með menntun og þekkingu á eðli, efni og málsmeðferð þeirra mála sem falla undir nefndina en ekki virðast færð sannfærandi rök fyrir að hæfisskilyrðin séu skilgreind eins þröngt og gert er. Stjórnin telur að slík hæfisskilyrði eigi ekki að útiloka t.d. skipulagsfræðinga sem hafa menntun á því sviði sem úrskurðarnefndin fjallar um.*

F.h. stjórnar Skipulagsfræðingafélags Íslands


Matthildur Kr. Elmarsdóttir, formaður